UMHVERFIS STOFNUN

HES Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Starfsleyfisskilyrði fyrir flugeldasýningu

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

1.1	Skilyrðin gilda fyrir eina flugeldasýningu við Hafnargötu 10 í Vogum Frá kl. 23:00 – 24:00. þann 13 ágúst 2022 með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða *um hollustuhætti og mengunarvarnir* hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum:
1.2	Leyfishafi/ábyrgðarmaður er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

2. SKILYRÐI

2.1	Leyfi Heilbrigðisnefndar Suðurnesja er skilyrt því að fyrir liggi leyfi lögreglustjóra sem og ábyrgðartrygging vátryggingafélags
2.2	Að skotsvæðið sé hvorki friðlýst né á vatnsverndarsvæði og að það hafi verið notað áður sem skotsvæði fyrir flugeldasýningar.
2.3	Eigi færri en tveir menn skulu sjá um framkvæmd sýningarinnar.
2.4	Áður en undirbúningur flugeldasýningar hefst skal afmarka öryggissvæði með áberandi hætti, t.d. renningum, í a.m.k. 18 metra fjarlægð.
2.5	Á meðan skotið er skal afmarka öryggissvæðið frá áhorfendum með eftirfarandi hætti: a. 30 metrar fyrir „skotkökur og gos“. b. 100 metrar fyrir „bombur“ 150 mm (6 tommur) eða minni að þvermáli. c. A.m.k. 130 metrar fyrir stærri skotelda en um getur í lið b.
2.6	Skothólkar skulu vera úr pappa, plasti, trefjaplasti, eða öðrum sambærilegum efnum og þannig gerðir að ekki stafi hætta af hlutum þeirra ef þeir springa. Endurhleðsla í skothólka og notkun járnhólka er bönnuð.
2.7	Á skotstað skal vera fullnægjandi slökkvibúnaður, minnst tvö slökkvitæki fyrir A-elda, til dæmis 9 lítra vatnsslökkvitæki með slökkvimátt 13A samkvæmt staðlinum ÍST EN3.
2.8	Allir sem starfa á skotsvæði skulu vera búnir hjálmi með andlitshlíf og fatnaði úr tregtendranlegum efnum. Reykingar eru bannaðar á skotstað.

2.9	Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátta er óhagstæð að mati lögreglu.
2.10	Vöktun á flugeldasýningu skal vera samfelld. Að sýningunni lokinni skal gengið úr skugga um að engir ósprungnir skoteldar séu eftir á svæðinu. Ósprungnum skoteldum skal eytt, sbr. 36. gr. reglugerðar nr. 414/2017 um skotelda. Leyfishafa ber jafnframt að sjá um hreinsun þess svæðis þar sem flugeldasýning hefur farið fram. Skoteldaúrgangi ber að skila á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni.
2.11	Viðhafa skal sérstaka varkárni og nærgætni í nánd við svæði með ríkt fuglalíf og forðast óþarfa truflun, samkvæmt náttúruminjaskrá, lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd og lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.